

FYRIRLESTUR 2
UM MENNSKU OG MENNTUN Í MARGBREYTTILEGU SAMFÉLAGI

Mennska og sjálfræði

Ólafur Páll Jónsson

prófessor í heimspeki á
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Reykjavík, mars 2020

1. Mennska sem skynsemi

Í síðasta fyrirlestri fjallaði ég m.a. um gildi, margbreytileika, mennsku og stimplun. Af þessum viðfangsefnum má kannski segja að mennskan sé grundvöllurinn: það er vegna mennsku okkar sem sum gildi eru mikilvæg, margbreytileikinn endurspeglar ólíkar birtingarmyndir mennskunnar og stimplun eða stigma er leið samfélags til að láta í ljósi viðhorf um skerta eða spillta mennsku. En hvað er þessi mennska? Getum við talað um einhvern kjarna eða grundvallandi einkenni? Og svo viljum við væntanlega einnig velta því fyrir okkur hvort þessa mennsku megi rækta, bæta, efla, auðga – það er ekki augljóst með hvaða orðfæri er viðeigandi eða gagnlegt að tala um þessa hluti.

Mig langar að nálgast þetta efni með því að hverfa aftur til upplýsingarinnar, hugmyndastrauma sem áttu rætur að rekja til Mið-Evrópu og Englands á 18. öld. Eitt megineinkenni upplýsingarinnar var trú á mátt skynseminnar. Á Englandi hafði heimspekingurinn John Locke (1632–1704) sett fram veraldlegar kenningar um vísindi og stjórnmál, þar sem m.a. má greina vísi nútímahugmynda um mannréttindi. Í Frakklandi birtist þessi trú m.a. í vinnu við gríðarmikla alfræðibók sem kom út í 28 bindum á árunum 1751 til 1765. Meðal þeirra sem lögðu til efni í þetta mikla rit voru heimspekingarnir Voltaire (1694–1778), Denis Diderot (1713–1784), Montesquieu (1689–1755) og Rousseau (1712–1778). Merkasti heimspekingur upplýsingarinnar er þó sennilega Immanuel Kant (1724–1804) sem átti eftir að gjörbylta allri heimspeki álfunnar. Árið 1783 gaf hann út stutta ritgerð sem hann kallaði „Svar við spurningunni: Hvað er upplýsing?“ Ritgerðina hefst á innblásinni greiningu á því hvað ósjálfræði sé og hverjar séu rætur þess:

Upplýsing er lausn mannsins úr viðjum þess ósjálfræðis sem hann á sjálfur sök á. Ósjálfræði er vanhæfni mannsins til að nota eigið rökvit án handleiðslu annarra. Maðurinn á sjálfur sök á þessu ósjálfræði þegar orsökina er ekki skortur

á hyggjuviti heldur vöntun á einurð og hugrekki til að nota hyggjuvit sitt án handleiðslu annarra. Einkunnarorð upplýsingarinnar eru því „Sapere aude!“, hafðu hugrekki til að nota þitt eigið hyggjuvit.

(Kant, 1993. bls. 379)

Það sem Kant leggur áherslu á í þessum orðum og í ritgerðinni í heild er mikilvægi þess að fólk noti eigið hyggjuvit án handleiðslu annarra, bæði í einkalífi og í opinberu lífi. Í hugtakinu um sjálfræði kristallast bæði mannskilningur og pólitískar hugsjónir upplýsingarinnar. Samkvæmt þessari máttugu hefð er sjálfræði eiginleiki sem einstaklingar ýmist hafa eða skortir, og byggist á því hvort þeir séu færir um að setja sjálfum sér eins konar lög eða reglur. Í *Grundvelli að frumspeki siðlegrar breytni* orðar Kant hugmynd sína um sjálfræði viljans m.a. með eftirfarandi hætti:

Sjálfræði viljans er hæfileiki hans til að vera sjálfum sér lögmál (óháð öllum eiginleikum viðfanga viljans sjálfs). Því er sjálfræðislögmálið: veldu aldrei nema þannig að lífsreglan á bak við valið geti um leið verið algilt lögmál.

(Kant, 2003, 440, bls. 170–171).

Þessi hugmynd um sjálfræði byggist á mannskilningi þar sem litið er á manneskjuna fyrst og fremst sem skynsemisveru, þ.e. það er skynsemin sem gerir manneskjuna sérstaka og ljær henni siðferðilegt gildi. Sjálfræði mannsins birtist í ákveðinni beitingu skynseminnar; hæfileika fólks til að stíga fram sem siðferðilegir gerendur með því að setja sér reglur sem gætu mögulega átt við um athafnir alls fólks, og lifa í samræmi við þær. Hér birtist hin sjálfráða manneskja sem herra sinnar eigin breytni. Í litlul riti um uppeldi setur Kant hugmyndina um skynsemiseðli manneskjunnar í samhengi við þroskaferli hennar og segir m.a.:

Ræktun siðferðis verður að grundvallast á reglum en ekki á aga. Hið siðarnefnda fyrirbyggir ósiði en hið fyrrnefnda þroskar hugarfarið. Uppalandi þarf að stefna að því að barnið venji sig á að breyta eftir reglum frekar ákveðnum drifkröftum. Uppeldi með aga leiðir til þess að einstaklingurinn breytir af vana en vaninn dofnar með árunum.

Barnið verður að læra að breyta eftir reglum sem það skilur sjálft að eru eðlilegar.

(Kant, *Um uppeldisfræði*, bls. 29)

2. Sjálfræði berskjaldaðra manneskja

Rousseau hafði brennandi áhuga sjálfræði fólks ekki síður en Kant og aðrir heimspekingar upplýsingarinnar. Þótt Rousseau hafi vissulega verið í senn afsprengi og mótandi upplýsingarinnar, þá reis hann líka upp geng mörgum af meginstraumum þessa völduga hugmyndaheims. Þetta andóf hans birtist bæði í efasemdum hans um mátt vísindanna til að stuðla að framförum og í annars konar skilningi á pólitískum og siðferðilegum hugsjónum, m.a. í skilningi hans á hugmyndinni um sjálfærði. Útgangspunkturinn er kannski ekki svo frábrugðinn því sem við sáum hjá kant, þ.e. spurning eins og þessi: Hvernig getur manneskja verið frjál um leið og hún býr í samfélagi og er öðrum háð í stóru og smáu? Svar Kants við þessari spurningu byggist á því að ítreka möguleika einstaklingsins á að vera höfundur að eigin athöfnum. Í greininni „Hvernig ber að skilja sjálfræði?“ les Ástríður Stefánsdóttir þessa kantísku hugmynd út úr sögunni um Billy Elliot, strákinn sem rís gegn vilja föður síns og viðmiðum samfélagsins og tekur sína eigin stefnu í lífinu:

Hann fylgir einvörðungu sinni innri rödd og þrá sem gengur þvert á það sem honum á að finnast. Hugmyndin um einstaklinginn sem sjálfsveru, sem geranda og höfundur að eigin lífi endurspeglar í þessari sögu. Það að ráða sér sjálfur, geta tekið eigin ákvarðanir og valið hvernig maður lifir lífinu er kjarni hins siðferðilega hugtaks um sjálfræði.

(Ástríður Stefánsdóttir, 2012, bls. 2)

Rousseau svarar spurningunni um möguleikann á sjálfráðu lífi með allt öðrum hætti. Í bókinni *Émile*, sem stundum er sögð marka upphaf að nútímahugsun um menntun og barnæsku, segir Rousseau á einum stað:

Það eru veikleikar mannsins sem gera hann að félagsveru; það er sameiginleg þjáning okkar sem snýr hjörtunum í átt að mennskunni; við ættum mennskunni enga skuld að gjalda ef

við værum ekki menn. Sérhver tengsl eru til marks um ófullkomleika. Ef enginn hefði þörf fyrir aðra hefði heldur enginn hug á að tengjast öðrum. Þannig fæðist brothætt hamingja okkar af veikleikum okkar. ... Ég fæ ekki skilið að sá sem einskis þarfnast geti elskað neitt. Ég fæ ekki skilið að sá sem elskar ekkert geti verið hamingjusamur.

(Rousseau, 1979, bls. 221)

Í þessari tilvitnun birtist allt annar mannskilningur en sá sem upplýsingin lagði til. Maðurinn er ekki settur á stall sem skynsemisvera sem setji sjálfum sér algild lögmál heldur er litið á manneskjuna sem brothætta veru; ófullkomna félagsveru sem finnur hamingju í gegnum þennan ófullkomleika með hjálp annarra manneskja. Þótt þessi orð hafi verið sett á prent undir lok 18. aldar – bókin reyndar verið fordæmd og bönnuð jafnt af veraldlegum sem kirkjulegum yfirvöldum – tala þau beint inn í samtímann. Þau kallast á við ableismann sem Embla Guðrún Ágústsdóttir og Freyja Haraldsdóttir fjalla um og ég nefndi í síðasta fyrirlestri (sjá tabu.is 15.12.2014) og gagnrýni Mörthu Nussbaum á fólk sem segist vera „venjulegt“ og hugsji gjarnan um sig sem í fullkomnu lagi en um fólk með sjaldgæfa fötlun sem „skemmdu eplin í körfunni“ (Nussbaum, 2004, bls. 301). Mér virðist líka að orð Rousseaus bjóði okkur að gefa því sem Gretar og Kristín segja um greiningarheiti aukið vægi. Getur verið að stimplar sem „einfalda okkur og smætta“ beini athyglinni frá mennsku okkar en dragi í staðinn fram eitt eða fá atriði sem marka okkur sem óeðlilega eða gölluð. Frávikin eru sett fram sem frávik frá fullkominni og eðlilegri mennsku.

Sá mannskilningur sem Rousseau setur fram gefur tilefni til allt annars konar hugmynda um sjálfræði, í hverju það felst, hvað geti stutt við það og hvenær það sé skert. Útgangspunkturinn verður ekki fullkomin manneskja sem er gerandi í eigin lífi, nema eitthvað sérstakt hindri, heldur manneskja sem er berskjölduð og þarf á stuðningi að halda til þess að geta orðið sjálfráða og hamingjusöm.

3. Aðstæðubundið sjálfræði

Kantískar hugmyndir um sjálfræði hafa verið gagnrýndar m.a. á þeim forsendum að geta fólks til að setja sér markmið velti oft á margvíslegum tengslum og stuðningi og því sé sú hugmynd um sjálfræði að vera ekki háður öðrum tæpast raunhæf. Vandinn er í grunninn sá að við erum öðrum háð, í stóru og smáu og vanmáttur okkar birtist ekki bara í verklegri færni – eða takmörkunum á henni – heldur einnig í getu okkar til að setja okkur verðug markmið. Hin kantíska hugmynd um sjálfræði hefur því verið gagnrýnd fyrir að vera hvorki raunhæf né eftirsóknarverð. Svo má ekki gleyma því að sjálfstæði okkar er háð þeim takmörkunum sem líf á jörðinni setur okkur. Við lifum á jörðinni, það er grundvallarstaðreynd um mannlegt líf. Spurningin um það hvort við ráðum okkur sjálf ætti því ekki að vera spurning um það hvort við séum fær um að lifa *óháð* öðrum, heldur um það hvort við séum fær um að hafa *stjórn* á eigin lífi sem *jafningjar* þess fólks sem við búum í samfélagi við á þessari jörð.

Laura Davy er meðal þeirra sem sett hafa fram aðstæðubundnar hugmyndir um sjálfræði andstætt einstaklingsbundnum hugmyndum í anda Kants. Hún segir:

Í hefðbundinni greinargerð fyrir sjálfræði er sjálfstæði skilið sem það að vera sjálfum sér nógur (e. *self-sufficiency*), geta ákvarðað eigið líf (e. *selfdetermination*) og notið frelsis undan takmörkunum eða áhrifum annarra.

(Davy, 2015, bls. 138, þýð. ÓPJ)

Davy vîkur síðan að nýlegum hugmyndum um sjálfræði, sem fara nær hennar eigin skilningi:

Flestir seinni tíma kenningasmiðir um sjálfræði eru sammála um að það að vera sjálfum sér nógur sé hvorki raunhæft né æskilegt markmið, og í samtímakeningum um sjálfræði er lögð áhersla á andlegt sjálfstæði (e. *independence of mind*) frekar en raunverulegt sjálfstæði (e. *substantive independence*). Þeir sem hafa sett fram kenningar um sjálfræði hafa beint sjónum sínum frá því hvort einstaklingar geti af sjálfsdáðum sett fram eða „búið til“ sínar eigin langanir, markmið og gildi og

að því hvort einstaklingar samþykkja (e. *endorse*) eða samsama sig með (e. *identify with*) löngunum sínum, markmiðum og gildum.

(Davy, 2015, bls. 138–139, þýð. ÓPJ)

Þótt þessar nýlegu kenningar um sjálfræði skilji sig frá hinn kantísku hefð með skýrum hætti og hverfist fremur um ferlin við að taka ákvörðun en um innihald ákvörðunar, þá ganga þær samt of skammt að mati Davy sem segir að sjálfræðið sé, eftir sem áður, álitid velta á mjög krefjandi andlegum hæfileikum og getu (bls. 139). Þetta felur í sér að litid er á sjálfræði (eða skort á sjálfræði) sem *einstaklingsbundið viðfangsefni* og að athyglinni sé þannig beint frá þeim „félagslegu, efnahagslegu og menningarlegu skilyrðum sem gætu stutt og stuðlað að valfrelsi“ (bls. 142). Davy segir síðan:

Ég tel að þörf sé á skilningi á sjálfræði sem byggist á tengslum eins og aðstoð (e. *support*), stuðningi (e. *advocacy*) og eflingu (e. *enablement*). Slík kenning mun umhverfa núverandi skilningi á sjálfræði innan heimspekinnar sem andlegu sjálfstæði og innan orðræðu stjórn mála sem það að vera sjálfum sér nógur. Í staðinn fyrir að horfa til þess hvort tiltekna þætti skorti þegar við metum hversu sjálf-ráður einstaklingur er, þá ættum við að horfa til þess hvort tilteknir þættir séu til staðar, t.d. málsvarar sem líta á gerandann sem verðugan einstakling, félagsleg og önnur ytri úrræði sem viðkomandi hefur aðgang að, sem og innri þættir eins og sjálfstraust og sjálfstjórning, reisn og öryggi.

(Davy, 2015, bls. 144, þýð. ÓPJ)

Sá skilningur á sjálfræði sem Davy leggur til er augljóslega mjög langt frá þeim sem Kant setti fram undir lok 18. aldar og hefur haft mótandi áhrif á heimspekilegar þælingar um sjálfræði allar götur síðan.

Eflaust myndu einhverjir heimspekingar vilja koma Kant til varnar og segja Davy komna svo langt frá hinu hefðbundna (þ.e. kantíska) hugtaki um sjálfræði að hún sé einfaldlega að tala um eitthvað allt annað hugtak. En þá mætti spyrja á móti: Að því gefnu að við séum þessar ófullkomnu manneskjur, nánast berskjaldaðar í óreiðukenndum heimi, sem þarfnast stuðnings og finna hamingjuna í gegnum eigin óumflýjanlegan ófullkom-

leika, hvað varðar okkur um sjálfræði í skilningi Kants? Er möguleiki skynseminnar til að hefja sig yfir hið jarðneska líf og setja manneskjunni algildar lífsreglur grundvöllur að góðu lífi? Svona spurningum verður ekki svarað með ótvíræðum hætti en mér virðist þó að það sjálfræðishugtak sem Davy leggur til sé í senn raunsærra og gagnlegra.

4. Sjálfræði og umhyggja

Hin kantíska hugmynd um sjálfræði lítur á sjálfræði sem hæfileikann til að vera höfundur að eigin lífi á meðan aðstæðubundnar hugmyndir um sjálfræði, eins og sú sem Laura Davy talar fyrir, líta á sjálfræði sem getu til að lifa lífi sem samrýmist mannlegri reisn. En það sem við getum gert, getum við ekki endilega gert hjálparlaust. Ef við lítum á hlutina frá þessum sjónarhóli, ef við lítum á sjálfræði sem getu til að hafa stjórn á eigin lífi í samvinnu við aðra og með hjálp annarra, þá ætti þörfin fyrir þjónustu og stuðning líka að birtast í nýju ljósi. Slík þörf er ekki fyrst og fremst þörf fyrir aðstoð til að vinna tiltekin verk, heldur þörf fyrir liðveislu við að setja sér markmið eða vinna að þeim markmiðum sem viðkomandi hefur þegar sett sér. Og sá sem veitir þjónustuna ætti að temja sér eftir fremsta megni að líta á þann sem þjónustunnar nýtur sem jafningja – ekki vegna þess að sá sem þjónustunnar nýtur hafi sömu getu og sá sem hana veitir, því svo er ekki. Þá þyrfti enga þjónustu. Heldur vegna þess að sá sem þjónustunnar nýtur hefur jafnt tilkall til mannlegrar reisnar og sá sem þjónustuna veitir. Sé litið á málin frá þessum sjónarhóli þá verður umhyggja, sem viðhorf fólks hvers til annars – ekki síst þeirra sem veita þjónustu til þeirra sem þjónustu njóta – ekki lengur spurning um gæsku þeirra sem hafa tíma og gott hjartalag, heldur grundvallarþáttur í hinu góða lífi og mikilvægt viðfangsefni sómasamlega réttláts samfélags sem lætur sér annt um getu fólks til að lifa með reisn. Martha Nussbaum orðar þetta vel í bók sinni um útmörk réttlætisins:

Að hugsa um umhyggju þýðir að hugsa um margvíslega getu bæði þess sem umhyggjunnar nýtur og þess sem hana veitir. Góð umhyggja fyrir þeim sem eru þurfandi, hvort heldur um börn, gamalt fólk, veika eða fatlaða er að ræða, beinist að stuðningi við getu til lífs, heilsu og líkamlegs

heilbrigðis. Hún veitir einnig skynjun, ímyndunaraflí og hugsun örvun. Hún styður við tilfinningaleg tengsl og forðar viðkomandi frá „yfirþyrmandi hræðslu og kvíða“; góð umhyggja felur í sér mikilsverð tengsl. Góð umhyggja styður einnig við getu þess sem umhyggjunnar nýtur til að beita verklegri skynsemi og vali; hún hvetur til margvíslegra sambanda, m.a. samfélagslegra og pólitískra sambanda þar sem það á við. Hún verndar þau grundvallargæði sem sjálfsvirðing er.

(Nussbaum, 2006, bls. 168)

Þegar við lítum á sjálfræði þessum augum sjáum við líka tengsl sjálfræðis og ábyrgðar í nýju ljósi. Í ljósi hugmyndarinnar um aðstæðubundið sjálfræði verður útgangspunkturinn ekki hvernig við sem einstaklingar – hvert og eitt okkar – getum borið ábyrgð á eigin lífi heldur verður spurningin þessi: Hver er samábyrgð okkar á því að skapa öllum viðunandi þroskaskilyrði (Ástríður Stefánsdóttir, 2012, bls. 9).

Heimildir

- Ástríður Stefánsdóttir. (2012). Hvernig ber að skilja skálfræði? Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Sótt af: <http://netla.hi.is/menntakvika2012/003.pdf>
- Davy, Laura. (2015). Philosophical inclusive design: Intellectual disability and the limits of individual autonomy in moral and political theory. *Hypathia*, 30(1), pp. 132–148. DOI: <https://doi.org/10.1111/hypa.12119>
- Embla Guðrún Ágústsdóttir og Freyja Haraldsdóttir. (15.12.2014). Hvað er ableismi? *Tabú*. <http://tabu.is/hvad-er-ableismi/>
- Kant, Immanuel. (1993). Svar við spurningunni: Hvað er upplýsing? Íslensk þýðing eftir Elnu Katrínu Jónsdóttur og Önnu Þorsteinsdóttur. *Skírnir*, 167 (haust).
- Kant, Immanuel. (óútféið). *Um uppeldisfræði*. Íslensk þýðing eftir Skúla Pálsson.
- Kant, Immanuel. (2003). *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni*. Íslensk

Þýðing eftir Guðmund Heiðar Frímansson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Nussbaum, Martha C. (2004). *Hiding from humanity*. Cambridge, MA: Harvard University Press.

Nussbaum, Martha C. (2006). *Frontiers of Justice*. Cambridge, MA: Harvard University Press.

Ólafur Páll Jónsson. (2011). *Ljóræði, réttlæti og menntun: Hugleiðingar um skilyrði mennskunnar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Rousseau, Jean-Jacque. (1979). *Emile: Or on education*. Translation by Allan Bloom. New York: Basic Books.